

Vísindasiðareglur Háskóla Íslands

Samþykktar í háskólaráði 16. janúar 2014

EFNISYFIRLIT

1. MARKMIÐ OG GRUNNGILDI.....	4
1.1. Markmið	4
1.2. Grunngrildi.....	4
2. SIÐFERÐILEG VIÐMIÐ RANNSÓKNA.....	4
2.1. Virðing, mannréttindi og mannleg reisn	4
2.2. Heilindi rannsækenda og þátttaka einstaklinga	5
2.3. Skyldan að valda ekki skaða.....	5
2.4. Skyldan að upplýsa þátttakendur	5
2.4.1. <i>Upplýst samþykki</i>	5
2.4.2. <i>Notkun blekkinga</i>	6
2.4.3. <i>Takmörkuð skilyrði til upplýsts samþykkis</i>	7
2.4.4. <i>Rannsóknir án upplýsts samþykkis</i>	7
2.5. Þátttaka barna í rannsóknum.....	8
2.6. Virðing fyrir rétti til einkalífs og náinna tengsla	9
2.7. Trúnaður virtur.....	9
2.8. Hugað að áhrifum á þriðja aðila	9
2.9. Tilkynningarskylda og heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.....	10
2.10. Varðveisla persónugreinanlegra upplýsinga	10
2.11. Takmarkanir á endurnotkun persónugreinanlegra gagna.....	11
2.12. Ábyrgð rannsækenda á skýrri hlutverkalýsingu	11
2.13. Krafa um sjálfstæði gagnvart þátttakendum	11
2.14. Virðing fyrir gildismati, skoðunum og menningu annarra	12
2.15. Virðing fyrir fólki sem tilheyrir hópi í erfiðri stöðu	12
2.16. Virðing fyrir látnum.....	12
2.17. Virðing fyrir menningarminjum	12
3. ÞJÓNUSTURANNSÓKNIR	13
3.1. Gildi rannsóknafrelsis	13
3.2. Gæði þjónusturannsókna.....	13
3.3. Ábyrgð rannsóknastofnana og rannsækenda	13
3.4. Sjálfstæði rannsækenda og rannsóknastofnana.....	14
3.5. Upplýsingar um fjármögnun	14
3.6. Framsetning og notkun niðurstaðna.....	14
3.7. Birtingarréttur	15
4. RÁÐVENDI Í RANNSÓKNUM	15
4.1. Vísindaleg ráðvendni	15
4.2. Aðgangur að gögnum og notkun þeirra	15
4.3. Faglegt mat	16
4.4. Jafningjamat og rökræðuhefðir	16

4.5. Höfundar og meðhöfundar.....	16
4.6. Samband leiðbeinenda og nemenda.....	16
4.7. Lýðræðisleg umræða og miðlun þekkingar	17
4.8. Samfélagsumræða og ábyrgð á túlkun niðurstaðna	17
4.9. Skil rannsóknarniðurstaðna.....	17
5. VERKLAGSREGLUR VÍSINDASIÐANEFNDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS	18
5.1. Skipan vísindasiðanefndar Háskóla Íslands.....	18
5.2. Verksvið vísindasiðanefndar Háskóla Íslands	18
5.3. Önnur verkefni	18

1. MARKMIÐ OG GRUNNGILDI

1.1. Markmið

Reglum þessum er ætlað að vera rammi um rannsóknarstarf kennara, nemenda og fræðimanna við Háskóla Íslands og þar með standa vörð um heilindi í rannsóknum þeirra.

1.2. Grunnildi

Í síðareglum þessum er gengið út frá neðangreindum grunngildum:

Virðing fyrir manneskjunni: Gerð er krafa til rannsakenda um að þeir virði sjálfræði þátttakenda og friðhelgi þeirra. Jafnframt þarf að tryggja vernd þeirra þátttakenda sem ekki geta tekið sjálfstæða ákvörðun í eigin málum.

Velferð: Gerð er krafa til rannsakenda um að þeir dragi eins og hægt er úr áhættu þátttakenda og auki eins og unnt er ávinning af rannsókninni. Þeir skulu jafnframt gæta þess að vægi gagns og áhættu af rannsókninni sé viðunandi.

Skaðleysi: Rannsakendum ber umfram allt að forðast að valda skaða. Áhætta skal ávallt vera innan ásættanlegra marka og ávinningur nægur til að réttlæta rannsóknina.

Réttlæti: Gerð er sú krafa til rannsakenda að þeir tryggi að ábata og byrði af rannsókn sé dreift af sanngirni og að þeir misnoti ekki aðstöðu sína gagnvart viðkvæmum einstaklingum. Rannsakendur skulu taka tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða á öllum stigum, m.a. við val á rannsóknarefnum, aðferðum, túlkun, framsetningu og nýtingu niðurstaðna.

Heiðarleiki og vönduð vísindaleg vinnubrögð: Rannsóknir skulu unnar af heiðarleika og samkvæmt viðurkenndri vísindalegri aðferðafræði.

2. SIÐFERÐILEG VIÐMIÐ RANNSÓKNA

2.1. Virðing, mannréttindi og mannleg reisn

Rannsakendur skulu ávallt standa vörð um mannlega reisn þátttakenda.

Þótt rannsóknir séu gerðar með það að markmiði að auka almenn lífsgæði þá geta þær einnig ógnað mikilvægum gildum. Það er því mikilvægt að rannsakendur standi vörð um mannréttindi og mannlega reisn í vali sínu á viðfangsefnum, í samskiptum við þátttakendur og við birtingu rannsóknarniðurstaðna. Rannsakendum ber því að uppfylla eftirfarandi viðmið:

- a) Tryggja skal frelsi og sjálfsákvörðunarrétt þátttakenda.
- b) Vinna skal gegn skaða og ónauðsynlegri þjáningu.
- c) Standa skal vörð um friðhelgi einstaklingsins og virða nán tengsl á milli einstaklinga.

2.2. Heilindi rannsækenda og þátttaka einstaklinga

Rannsækendur eiga að sýna heilindi og virða vilja einstaklinga um að taka ekki þátt í rannsóknum eða hætta þátttöku.

Erfitt getur reynst að vera þátttakandi í rannsókn þar sem aðstæður viðkomandi eru skoðaðar og túlkaðar. Sérstaka varúð ber því að viðhafa þegar:

- a) sjálfsvirðing og önnur mikilvæg gildi eru í húfi,
- b) einstaklingar eiga erfitt með að hafna þátttöku, t.d. þegar rannsókn er unnin sem vettvangsathugun á stofnun,
- c) einstaklingur veitir almenna heimild til upplýsingaöflunar, t.d. með því að samþykkja opið viðtal eða að honum verði fylgt eftir í daglegu lífi,
- d) einstaklingur verður persónugreinanlegur, t.d. þegar hægt er að bera kennsl á einstaklinga og hópa í rannsóknarniðurstöðum,
- e) einstaklingurinn býr ekki yfir nægri getu til að gæta eigin þarfa og hagsmuna,
- f) ekki er unnt að veita þátttakendum nægar upplýsingar fyrr en þátttöku er lokið, t.d. þegar villt er um fyrir þátttakendum, sbr. gr. 2.4.2.

2.3. Skyldan að valda ekki skaða

Rannsækendur skulu gæta þess að rannsóknin valdi þátttakendum ekki skaða, hvorki andlegum né líkamlegum, og skulu forðast neikvæðar afleiðingar fyrir þátttakendum.

Rannsækendum ber að forðast að valda þátttakendum skaða. Þó þarf að veita og meta hvort ávinningur af rannsókn sé það mikill að smávægilegur skaði geti verið réttlætunlegur. Verði þátttakendum fyrir skaða af þátttökunni ber rannsækendum að hlutast til um að þeir fái úrlausn við hæfi.

2.4. Skyldan að upplýsa þátttakendum

2.4.1. Upplýst samþykki

Almennt gildir að rannsóknir á fólki skulu byggjast á upplýstu samþykki þátttakenda.

Upplýst samþykki felur í sér að þátttakendum fái almennar upplýsingar um tilgang rannsóknarinnar, framkvæmd hennar og þá sem að baki henni standa, sem og nákvæmar upplýsingar um í hverju þátttaka í rannsókninni felst og hvaða jákvæðar og neikvæðar afleiðingar geta fylgt þátttökunni.

Í upplýsingum sem þátttakendum fái þarf eftirfarandi að koma fram:

- a) Tilgangur rannsóknarinnar, lengd, framkvæmd og upplýsingar um rannsækendur.
- b) Réttur þátttakenda til að neita þátttöku eða hætta þátttöku á hvaða stigi rannsóknarinnar sem er.
- c) Mögulegar afleiðingar neitunar eða brotthvarfs úr rannsókn eftir að hún er hafin.
- d) Atriði sem sanngjarnt og eðlilegt er að hafi áhrif á áhuga þátttakenda á því að taka þátt í rannsókninni eða halda þátttöku áfram í henni, svo sem hugsanleg óþægindi, áhætta eða skaði.
- e) Áætluð gagnsemi rannsóknarinnar.

- f) Hugsanleg takmörkun á trúnaði, t.d. vegna lagaskyldu.
- g) Laun, greiðslur, vinningar eða annar hvati til þátttöku.
- h) Upplýsingar um þá sem þátttakendur geta leitað til vegna spurninga um rannsóknina eða réttindi þátttakenda.

Ef rannsókn felur í sér íhlutun eða annað inngríp skulu rannsakendur gæta þess í upphafi rannsóknar að útskýra:

- a) að inngrípið sé til athugunar og hafi ekki sannað gildi sitt enn sem komið er,
- b) í hverju þátttakan felst og með hvaða hætti þátttakendum er skipað í íhlutunar- og samanburðarhópa séu þeir notaðir,
- c) hvaða valkostir, ef einhverjir, eru í boði ef þátttakendur ákveða að taka ekki þátt í rannsókninni eða draga sig út úr henni,
- d) greiðslur eða bætur sem þátttakendur kunna að fá vegna tjóns eða kostnaðar sem hlýst af þátttöku þeirra.

Rannsakendur skulu veita þátttakendum tækifæri til að spyrja spurninga sem lúta að rannsókninni eða þátttöku þeirra í henni og svara þeim eftir bestu getu. Upplýsingar um rannsóknina þurfa að vera skýrar og skiljanlegar. Þegar upplýst samþykki er leitað skal nota málfar sem hæfir þroska, aldri og bakgrunni þátttakenda með þeim hætti að sanngjarnt og eðlilegt sé að ætla að þeir skilji skilaboðin til fulls. Hafi þátttakendur takmarkaðan skilning á íslensku þarf að veita þeim upplýsingar á tungumáli sem þeir hafa góðan skilning á. Þátttakendur skulu taka afstöðu án utanaðkomandi þrýstings eða þvingana.

Upplýstu samþykki er ætlað að verja sjálfræði og mannhelgi þátttakenda. Ekki er þörf á upplýstu samþykki ef unnið er að nýju með fyrirliggjandi ópersónugreinanleg gögn. Séu gögnin persónugreinanleg og verði meiriháttar breytingar á framkvæmd rannsóknar eftir að hún er hafin þurfa rannsakendur að fá upplýst samþykki hjá þátttakendum að nýju.

Þátttakendur skulu upplýstir um að þeir eigi rétt á því að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er án þess að tilgreina ástæðu og án neikvæðra afleiðinga fyrir þá. Úrsögn úr rannsókn getur hvort sem er verið munnleg eða skrifleg. Heimilt er að nota gögn sem safnast hafa fram að úrsögninni með samþykki þátttakenda. Þegar rannsókninni er lokið geta þátttakendur ekki bannað notkun gagnanna eða krafist þess að þeim sé eytt.

2.4.2. Notkun blekkinga

Notkun blekkinga sem aðferð í rannsóknum er eingöngu leyfð í undantekningartilfellum. Rannsakendur skulu færa rök fyrir því hvers vegna ekki er hægt að framkvæma rannsóknina án blekkingar.

Ef villt er um fyrir þátttakendum þarf að ganga úr skugga um að fræðilegur, þekkingarlegur eða hagnýtur ábati af rannsókninni réttlæti slíkt og að aðrir kostir skili síðri árangri eða séu ekki raunhæfir. Ekki er heimilt að villa um fyrir þátttakendum ef sanngjarnt og eðlilegt er að ætla að þátttaka feli í sér sársauka eða mikla geðshræringu.

Rannsakendur skulu útskýra notkun blekkinga í rannsóknarskyni um leið og það er hægt án þess að skaða rannsóknina, í síðasta lagi við lok þátttöku eða, ef sérstakar ástæður krefjast, um leið og gagnasöfnun lýkur. Þátttakendur, sem hafa samþykkt þátttöku þar sem blekkingum hefur verið beitt, mega draga þátttöku sína til baka þegar blekkingarnar eru upplýstar. Ef blekkingar hafa verið hluti af skipulagi rannsóknar þarf að ætla þátttakendum hóflegan og sanngjarnan umþóttunartíma um hvort þau dragi þátttöku sína til baka. Velji þátttakendur að draga þátttöku sína til baka ber rannsakendum að eyða öllum gögnum sem tengjast viðkomandi þátttakendum.

2.4.3. Takmörkuð skilyrði til upplýsts samþykkis

Rannsakendur skulu virða einkalíf, sjálfræði og mannhelgi þátttakenda. Í sumum tilvikum getur þó verið erfitt að afla upplýsts samþykkis. Sé um þátttakendur að ræða sem eru ekki sjálfráða þarf að leita upplýsts samþykkis foreldris, forráðamanns eða staðgengils.

Ávallt ber að virða einkalíf, sjálfræði og mannhelgi þátttakenda, en í sumum rannsóknum getur þó verið erfitt að koma við upplýstu samþykki. Til dæmis má nefna rannsóknir með börnum eða á börnum, einstaklingum sem búa við andlega skerðingu eða ójafnvægi vegna sjúkdóma eða áfalla, sárra verkja eða langvinnis svefnleysis, eða einstaklingum á valdi vímuefna. Einstaklingar sem hafa takmarkaða hæfni til að gefa upplýst samþykki skulu aðeins taka þátt í rannsókn ef:

- a) ekki er unnt að beina rannsókn að einstaklingum sem geta gefið upplýst samþykki,
- b) meiri líkur en minni eru á að þátttakendur eða hópurinn sem þeir tilheyra hafi beinan ávinning af þátttöku í rannsókninni.

Sé um þátttakendur að ræða sem eru ekki sjálfráða þarf að leita upplýsts samþykkis foreldris eða forráðamanns þeirra. Sé ósjálfráða þátttakandi yngri en 18 ára, sjá þá lið 2.6.

Ef staðgengill svarar spurningum fyrir hönd þátttakanda vegna þess að hann getur ekki svarað sjálfur, t.d. vegna aldurs, sjúkdóms, skerðingar eða annarra ástæðna, skal gæta að friðhelgi einkalífs þátttakandans og að því að raska ekki sambandi staðgengils og þátttakanda. Ef þátttakandi lætur í ljós minnstu vísbendingu um að hann vilji ekki gefa ákveðnar upplýsingar er rannsakendum óheimilt að nálgast þær hjá staðgengli.

2.4.4. Rannsóknir án upplýsts samþykkis

Þótt upplýst samþykki sé hin almenna viðmiðun er unnt að virða mannhelgi þátttakenda við ákveðnar aðstæður þótt þeir hafi ekki samþykkt þátttöku í rannsókn fyrir fram.

Aðstæður geta verið með þeim hætti að rannsakendur hafi ekki bein samskipti við þátttakendur þar sem gögn sem unnið er með teljast ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga eða þau eru ópersónugreinanleg. Þetta á við um aðstæður þar sem áhætta af þátttöku er í lágmarki og ávinningur af þátttöku í rannsókn telst meiri en mögulegar neikvæðar afleiðingar. Í þessu sambandi er einkum um að ræða rannsóknir:

- a) sem beinast að kennsluáðferðum, námsefni eða aðferðum við bekkjarstjórn sem eru gerðar á kennslustað,
- b) þar sem notast er við nafnlausu spurningalista, áhorf við venjulegar aðstæður eða skráð gögn og upplýsingar sem ekki valda hættu á að þátttakendur sæti lagalegum afleiðingum, skaðist að fjárhag, atvinnu eða æru,
- c) sem beinast að starfshæfni eða virkni starfseininga eða stofnana og eru stundaðar innan viðkomandi stofnunar eða einingar.

Í sumum tilvikum er rannsakendum heimilaður aðgangur að fyrirliggjandi gögnum t.d. frá opinberum aðilum eða öðrum rannsakendum. Ef ekki liggur fyrir samþykki þátttakenda um notkun viðkomandi gagna sem efniviðar í nýja rannsókn skulu rannsakendur huga að eðli upplýsinganna og hagsmunum þátttakenda áður en þeir nota gögn sem aðrir hafa safnað. Ef gögnin eru persónugreinanleg skulu rannsakendur afla samþykkis hjá þátttakendum eða leyfis viðeigandi aðila, svo sem vísindasiðanefndar, fyrir notkun gagnanna í hinni nýju rannsókn.

Rannsakendur hafa trúnaðarskyldu og þeim ber að gæta að vernd persónuupplýsinga

gagnvart þátttakendum í rannsókn hvort sem upplýsts samþykkis er aflað eða ekki.

2.5. Þátttaka barna í rannsóknum

Mikilvægt er að börn og unglingar taki þátt í rannsóknum á viðfangsefnum sem þau varðar og skal sjónarhorn þeirra tekið alvarlega. Börn og unglingar eiga rétt á vernd í samræmi við aldur þeirra og þarfir.

Einstaklingar teljast börn til 18 ára aldurs. Rannsóknir á börnum, lífi þeirra og aðstæðum eru mikilvægar og er framlag þeirra lykilatriði í slíkum rannsóknum. Skal því ávallt leitast við að börn og unglingar séu fullgildir þátttakendur þegar við á og að sjónarmið þeirra og reynsla séu tekin alvarlega. Vernda þarf hagsmuni og þarfir barna á annan hátt en fullorðinna þátttakenda. Börn eru einstaklingar sem eru að þroskast og hafa mismunandi þarfir á mismunandi skeiðum lífsins. Rannsakendur þurfa að búa yfir nægjanlegri þekkingu á börnum til þess að geta aðlagð rannsóknaraðferðir og innihald rannsóknarinnar að þeim aldurshópi sem hún beinist að.

Þátttaka barna í rannsóknum krefst eftirfarandi:

- a) upplýsts samþykkis foreldra eða forsjáaraðila,
- b) samþykkis viðkomandi barns svo framarlega sem það getur gefið samþykki sitt,
- c) umsagnar vísindasiðanefndar.

Forsenda rannsóknar á börnum er að rannsóknin og tilgangur hennar sé útskýrður fyrir þeim á máli sem hentar aldri þeirra og þroska og að þau samþykki að taka þátt í henni. Þátttaka barns þarf að vera frjálst og að skýrt sé að barnið geti dregið sig út úr rannsókninni. Upplýst, frjálst samþykki er þó alltaf vissum vandkvæðum háð í rannsóknum sem lúta að börnum samanborið við rannsóknir á fullorðnum. Börn eru yfirleitt viljugri að hlýða fyrirmælum en fullorðnir og þeim finnst oft að þau geti ekki hreyft mótbárum. Þau eiga líka erfðara með að hafa yfirsýn yfir hvaða afleiðingar þátttaka þeirra getur haft. Taka skal tillit til vilja barnsins eins og hann birtist í orðum þess, hegðun eða látbragði.

Undanþágu má veita frá meginreglu um upplýst samþykki foreldra eða forráðamanna í eftirfarandi tilvikum:

- a) Rannsóknin felur ekki í sér áhættu eða tjón fyrir barnið.
- b) Rannsóknin gæti ekki farið fram ef leitað væri upplýsts samþykkis foreldra eða forráðamanna, svo sem þegar þátttakendur eru börn sem eru afskipt eða líða fyrir misnotkun. Forsenda þess er þó sú að gerðar séu nægjanlegar ráðstafanir til að tryggja vernd og réttindi barnanna og undanþágan gangi ekki gegn lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Trúnaður gagnvart barni er mikilvæg grunnregla í rannsóknum. Engu að síður getur sú staða komið upp að rannsakendum beri lagaleg eða siðferðileg skylda til að miðla upplýsingum áfram, t.d. til foreldra barnsins eða barnaverndaryfirvalda. Það á við t.d. þegar rannsakendur verða þess áskynja að barn hefur sætt ofbeldi eða vanrækslu. Einnig geta rannsakendur orðið þess varir að hagsmunir barns og foreldra/forráðamanna rekist á. Að auki þarf að meta hættuna á að barnið verði fyrir skaða ef upplýsingum er miðlað til þriðja aðila. Í ofangreindum tilvikum er mikilvægt að meta hverjir eru möguleikar barnsins til að taka sjálfstæða ákvörðun um hvort það vilji halda áfram þátttöku í rannsókninni.

2.6. Virðing fyrir rétti til einkalífs og náinna tengsla

Rannsakendur skulu virða einkalíf þátttakenda. Þátttakendur eiga rétt á að fá upplýsingar um hverjir hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum um þá.

Virða ber einkalíf fólks og vernda einstaklinga fyrir óvelkominni truflun eða sýnileika m.a. vegna trúar- og stjórnmálaskoðana, kynhneigðar, veikinda, vanlíðunar og ýmissa tilfinningalegra þátta.

Rannsakendur þurfa að vera sérstaklega varkárir þegar þeir spyrja um atriði sem varða nán samskipti og tengsl og forðast að beita þátttakendur hvers konar þrýstingi.

Aðgreining einkalífs og opinbers lífs getur verið vandkvæðum bundin þegar um er að ræða upplýsingar sem aflað er af Veraldarvefnum. Séu slík gögn nýtt þurfa rannsakendur að sýna sérstaka aðgæslu vegna þess hve misjafnan skilning fólk leggur í það hvað telst einkalíf og hvað opinbert í slíkum miðlum.

Ef rannsókn byggist á að fylgst sé með hegðun þátttakenda án vitneskju þeirra skulu rannsakendur gæta að friðhelgi einkalífs þeirra sem fylgst er með. Einungis er viðeigandi að fylgjast með þátttakendum á þeim stöðum sem viðkomandi getur búist við að ókunnugir fylgst með þeim. Ef sá sem fylgst er með gefur minnstu vísbendingu um að hann vilji ekki að fylgst sé með sér á að líta á það þannig að hann neiti að taka þátt í rannsókninni.

2.7. Trúnaður virtur

Þátttakendur eiga kröfu á að gætt sé trúnaðar um allar upplýsingar sem rannsakendur afla um einkalíf þeirra og nán tengsl. Rannsakendur skulu gæta þess að notkun og miðlun rannsóknargagna skaði ekki þátttakendur.

Gögn skulu að jafnaði vera ópersónugreinanleg og fylgt skal ströngum reglum um aðgang, vörslu og eyðingu á nafna- og þátttökulistum eða öðrum upplýsingum sem gera mögulegt að bera kennsl á þátttakendur.

Ofangreindar kröfur eru byggðar á þörf fyrir frelsi og rétti til einkalífs. Gildandi löggjöf um persónuvernd (sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000) tryggir að farið sé með ákveðnar upplýsingar af aðgát og hún setur mörk um trúnað rannsakenda við þátttakendur. Að jafnaði skal upplýsa þátttakendur um hverjir hafa aðgang að persónugreinanlegum gögnum.

Rannsakendur skulu gæta trúnaðar við þátttakendur um öll þau atriði sem þeir verða áskynja við rannsóknina hvort sem trúnaði hefur verið heitið eða ekki.

Þegar samþykkis þátttakenda hefur ekki verið aflað skulu rannsakendur viðhafa sérstaka aðgæslu.

2.8. Hugað að áhrifum á þriðja aðila

Rannsakendum ber að meta áhrif á þriðja aðila sem ekki er beinn þátttakandi í rannsókninni og forðast þau eftir bestu getu.

Viðtöl, skjalarannsóknir og athuganir leiða gjarna til þess að rannsakendur fá upplýsingar um mun fleiri einstaklinga en þá sem eru í brennidepli rannsóknarinnar. Rannsóknin getur haft áhrif á einkalíf og nán tengsl einstaklinga sem eru ekki þátttakendur í henni, heldur dragast inn í hana vegna tengsla sinna við þátttakendur.

Rannsóknir sem eiga sér stað í afmörkuðu umhverfi geta verið þess eðlis að auðvelt sé að bera kennsl á einstaklinga. Í slíkum rannsóknum þarf að huga sérstaklega að áhrifum rannsóknarinnar á þriðja aðila.

Þar sem rannsóknarniðurstöður eru notaðar til stefnumótunar getur verið erfitt að koma í veg fyrir að þær hafi neikvæð áhrif á hópa og stofnanir. Rannsakendur verða að vera á verði gagnvart ófyrirséðum afleiðingum, s.s. að einstaklingum í ákveðnum hópum finnist að óréttmætri athygli sé beint að þeim. Ávallt þarf að veita og meta áhrif á þriðja aðila annars vegar og gagnrýni og sannleiksleit sem felst í rannsókninni hins vegar.

2.9. Tilkynningarskylda og heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Öll rannsóknarverkefni, nemendaverkefni meðtalin, þar sem unnið er með persónugreinanleg gögn, ber að tilkynna til Persónuverndar sem veitir heimild til vinnslu persónuupplýsinga.

Í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 (með áorðnum breytingum) ber að tilkynna til Persónuverndar öll rannsóknarverkefni, nemendaverkefni meðtalin, þar sem unnið er með persónugreinanleg gögn. Í VI. kafla laganna, 31. gr., segir: „Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.“

Þetta á við um allar rannsóknir þar sem persónuupplýsingar koma fram í gögnum en slíkar upplýsingar eru „[s]érhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi“ (sbr. lög nr. 77/2000, I. kafli, 2. gr.).

2.10. Varðveisla persónugreinanlegra upplýsinga

Persónugreinanleg gögn skal varðveita á ábyrgan hátt. Slík gögn skal ekki geyma lengur en þörf er á til að ná því markmiði sem að er stefnt. Geymsla á persónugreinanlegum gögnum krefst upplýsts samþykkis þátttakenda.

Rannsakendum er skylt að fylgja lögum og reglum sem gilda um réttindi einstaklinga og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og önnur lög sem geta átt við um viðfangsefni rannsókna.

Rannsakendur skulu ávallt ígrunda hvort þörf er á varðveislu persónugreinanlegra gagna. Þegar áriðandi er talið að geyma slík gögn, t.d. í framhalds- eða langtímarannsóknum, skal varðveita persónugreinanlegar upplýsingar og gagnasöfnin aðskilin. Gögn skulu varðveitt á því formi að ekki sé hægt að bera kennsl á þátttakendur lengur en þörf krefur. Leitast skal því við að fjarlægja auðkenni og önnur persónugreinanleg atriði úr gögnum eins snemma og sanngjarnt og eðlilegt getur talist.

Rannsakendum ber að tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum. Ígrunda skal vel hverjir hafa aðgang að slíkum upplýsingum og á hvaða forsendum.

Rannsakendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að niðurstöður rannsókna séu birtar þannig að hægt sé að rekja upplýsingar til einstakra þátttakenda.

Viðhafa skal aðgæslu við umfangsmiklar skráningar á persónugreinanlegum upplýsingum. Þótt mikilvægt geti verið að varðveita gögn vegna framtíðarhagsmuna þarf að viðhafa eftirlit með vörslu slíkra gagna og aðgangi að þeim. Mikilvægt er að skýrar vinnureglur gildi um varðveislu gagna og eyðingu þátttakendalista, bakgrunnsupplýsingar eða annarra gagna sem persónutengja gögn.

2.11. Takmarkanir á endurnotkun persónugreinanlegra gagna

Persónugreinanleg gögn úr einni rannsókn má ekki nota sjálfkrafa í annarri rannsókn. Slík gögn má ekki nota í viðskiptalegum eða stjórnsýslulegum tilgangi.

Samkeyrsla gagna við persónugreinanlegar upplýsingar skapar ný rannsóknargögn um einstaklinga og getur því kallað á endurnýjaða umsögn vísindasiðanefndar og samþykki Persónuverndar. Ef nota á aftur persónugreinanleg rannsóknargögn þurfa þátttakendur að endurnýja samþykki sitt enda þótt gagnanna hafi upphaflega verið aflað með því að þátttakendur hafi samþykkt þátttöku sína. Þessi krafa um endurnýjað samþykki á ekki við þegar ópersónugreinanleg gögn eru samkeyrð eða endurgreind.

2.12. Ábyrgð rannsakenda á skýrri hlutverkalýsingu

Rannsakendur skulu gæta sérstakrar varúðar þegar þeir eru í fleiri hlutverkum en einu gagnvart þátttakendum. Þeir eru ábyrgir fyrir því að útskýra stöðu sína og hlutverk fyrir þátttakendum í rannsóknum sínum og hvaða takmarkanir, væntingar og skyldur fylgja þeim.

Þegar rannsakendur tengjast þátttakendum á fleiri en einn hátt skulu þeir upplýsa þá um hvenær þeir eru í hlutverki rannsakenda. Rannsakendur geta verið í fleiri hlutverkum en einu gagnvart þátttakendum, t.d. þegar verið er að rannsaka möguleg úrræði eða vegna vinatengsla við einstaka þátttakendur. Samhliða hlutverk geta verið gagnleg fyrir rannsóknina en upplýsingar sem fást við slíkar kringumstæður kalla á upplýst samþykki viðkomandi þátttakenda.

Þar sem við á þurfa rannsakendur að útskýra fyrir þátttakendum að þátttaka í rannsókn hafi engin áhrif á réttindi þeirra til samfélagslegrar þjónustu.

2.13. Krafa um sjálfstæði gagnvart þátttakendum

Rannsakendum ber að forðast að verða háðir þeim sem veita þeim upplýsingar.

Rannsakendur komast stundum að gagnrýniverðu eða ólöglegu atferli, t.d. áformum um ofbeldisaðgerðir eða vanrækslu við umönnun barns. Þetta getur sett rannsakendur í vanda, einkum þó varðandi kröfuna um þagnarskyldu. Rannsakendur mega ekki hylma yfir lögbrot jafnvel þótt það gæti komið rannsókninni vel. Þegar rannsóknir eru gerðar á hópum brotamanna getur loforð um trúnað og skyldan að tilkynna um alvarlegan verknad rekist á. Hægt er að koma í veg fyrir slíka árekstra með því að gera þeim sem veita upplýsingar skýra grein fyrir takmörkunum á loforði um trúnað.

Það getur einstaka sinnum verið réttlæt看legt að rannsakendur leggi meiri áherslu á vernd einstaklinga, t.d. barna, en á þagnarskyldu gagnvart þeim sem veita upplýsingar. Rannsakendum ber að sýna sérstaka aðgæslu og meta hvernig rétt sé að bregðast við þegar þeir verða varir við aðstæður sem ógna lífi og limum fólks eða fela í sér brot á mannréttindum.

2.14. Virðing fyrir gildismati, skoðunum og menningu annarra

Rannsakendur skulu umgangast gildi, skoðanir og menningu þátttakenda af virðingu þótt hún sé frábrugðin þeirra eigin.

Rannsóknir á hefðum og gildismati ólíkra menningarheima og tímabila eru algengar í félags- og mannvísindum. Þegar rannsókuð eru samfélög í viðkvæmri stöðu eða minnihlutahópar þarf að gæta þess sérstaklega að kynning á rannsóknarniðurstöðum skapi ekki eða styrki órökstuddar staðalímyndir. Sama aðgát skal höfð þegar um er að ræða rannsóknir á samfélagsháttum liðins tíma. Rannsakendum ber að forðast niðurlægjandi lýsingar á menningu og samfélagsgerð annarra. Rannsakendur skulu ekki ætla þátttakendum órökréttan eða ósæmilegan ásetning án þess að færa sannfærandi rök fyrir niðurstöðu sinni, byggð á rannsóknargögnum. Mikilvægt er að greina á milli skráningar á atburðum, aðstæðum og sjónarmiðum annars vegar og túlkunar á þeim hins vegar.

2.15. Virðing fyrir fólki sem tilheyrir hópi í erfiðri stöðu

Rannsakendur skulu gæta þess að skaða ekki hagsmuni fólks sem tilheyrir hópi í erfiðri stöðu.

Fólk sem tilheyrir hópi í erfiðri stöðu er ekki alltaf fært um að gæta hagsmuna sinna gagnvart rannsakendum. Rannsakendur geta því ekki tekið því sem gefnu að venjubundnar starfshéðir um upplýsingar og samþykki tryggja sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga eða verndi þá gegn ósanngjörnu álagi.

Einstaklingar sem tilheyra slíkum hópi gætu færst undan þátttöku í rannsókn af ótta við að hópurinn birtist í óheppilegu ljósi á opinberum vettvangi. Við þær aðstæður þarf að leggja sérstaka áherslu á kröfu um upplýsingar og samþykki. Á hinn bóginn hefur samfélagið réttmæta hagsmuni af því að kanna lífsskilyrði, t.d. til að meta áhættu skaðlegs og andfélagslegs atferlis og árangur samfélagslegra úrræða. Upplýsingavernd getur unnið gegn tilgangi sínum, t.d. þegar hún leiðir til þess að samfélaginu dylst hver staða tiltekins hóps er og því verði ekki brugðist við mismunun í hans garð eða útilokun hans.

Rannsakendur sem afla upplýsinga um eiginleika og atferli einstaklinga og hópa skulu varast flokkun og aðgreiningu sem getur leitt til ósanngjarnra alhæfinga og valdið einstaklingum og hópum smán eða skömm.

2.16. Virðing fyrir látnum

Viðhafa skal gætni þegar látið fólk er viðfangsefni rannsókna.

Þótt látnir eigi í hlut skal ekki vikið frá kröfum um vönduð vísindaleg vinnubrögð. Vegna virðingar fyrir hinum látnu og eftirlifandi ættingjum þeirra skulu rannsakendur velja orð sín af gætni. Grafir og líkamsleifar skulu meðhöndlaðar af ítrustu virðingu.

2.17. Virðing fyrir menningarminjum

Rannsakendum ber að umgangast menningarminjar af öllu tagi af tilhlýðilegri virðingu og gæta þess að þær skaðist ekki eða glatist.

Það eru hagsmunir þeirra sem nú eru uppi og kynslóða framtíðarinnar að geta aflað sér þekkingar á sögu sinni og menningu. Því ber að varðveita staði, minnismarki, muni, texta,

skjalasöfn og aðrar leifar og upplýsingar um fyrri tíma. Þegar unnið er með líkamsleifar frá uppgreftri þurfa rannsakendur að gæta sérstaklega að siðferðilegum sjónarmiðum.

Hver kynslóð hefur sín sjónarmið og forgagnsröðun á sviði rannsókna. Hafa ber í huga að upplýsingar um samtímann verða rannsóknarefni komandi kynslóða. Með rannsóknir framtíðarinnar að leiðarljósi ber því að vanda rannsóknir á menningarminjum svo að mikilvægum upplýsingum um þær verði ekki spillt.

Sérstök siðferðileg vandamál tengjast rannsóknum þar sem heimildaefni er óhjákvæmilega eytt þegar unnið er með það. Meta þarf gildi upplýsinga sem slíkar rannsóknir gefa í ljósi röskunar á heimildaefni fyrir framtíðarrannsóknir.

Rannsakendur og rannsóknastofnanir skulu forðast að eigna sér menningarminjar með óljósa eða umdeilda uppruna- og eigendasögu.

3. ÞJÓNUSTURANNSÓKNIR

3.1. Gildi rannsóknafrelsis

Rannsóknafrelsi er grunnildi í háskólarannsóknum. Því þarf að gæta að jafnvægi á milli sjálfstæðra rannsókna og þjónusturannsókna.

Rannsakendur starfa í gagnkvæmum tengslum við samfélagið. Þjónusturannsóknir eru rannsóknir sem eru ákveðnar og styrktar af stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum eða einkaaðilum. Þegar þannig háttar til ákveða þeir sem greiða fyrir rannsóknirnar ytri ramma þeirra og akademískt frelsi rannsakenda er að því leyti skert. Hins vegar hafa stjórnvöld veitt æðri menntastofnunum og rannsóknastofnunum á borð við háskóla sjálfstjórn með það fyrir augum að tryggja sjálfstæðar rannsóknir. Þótt þjónusturannsóknir á vegum verkkaupa séu mikilvægur þáttur í þróun þekkingar í samfélaginu snýst rannsóknarhlutverk háskóla einkum um sjálfstæðar rannsóknir.

3.2. Gæði þjónusturannsókna

Rannsakendum og rannsóknastofnunum ber að sjá til þess að rannsóknarverkefni sem unnið er fyrir verkkaupa standist almennar aðferðafræðilegar og siðferðilegar kröfur.

Verkkaupi þjónusturannsóknar á rétt á að ákveða ramma hennar svo fremi sem hann stangast ekki á við aðferðafræðilegar og siðfræðilegar kröfur sem gerðar eru til rannsókna. Rannsakendur ábyrgjast framkvæmd rannsóknarinnar, niðurstöður og fræðilega túlkun þeirra. Rannsóknastofnunum og rannsakendum er rétt og skylt að benda á takmarkanir í niðurstöðum þjónusturannsókna ef því er að skipta, bæði hvað varðar aðferðafræði og hagnýtt gildi.

3.3. Ábyrgð rannsóknastofnana og rannsakenda

Þegar rannsakendur taka þátt í rannsóknarverkefnum bera þeir ábyrgð. Framlag hvers rannsakanda í rannsóknarverkefninu þarf að vera skýrt.

Skapist ágreiningur er tengist trúnaði rannsakenda við stofnun, annmörkum í aðferðafræði eða öðrum þáttum verður að hafa í huga að hver og einn rannsakandi ber ábyrgð á

rannsókninni og þeim þáttum hennar sem hann á aðild að. Höfundar- og útgáfurétt í tengslum við þjónusturannsóknir þarf að tryggja með skriflegum samningum.

Í höfundalögum er fjallað um rétt höfundar til hugverks sem hann getur ekki afsalað sér eða hafnað. Samkvæmt 4. grein laga nr. 73/1972 ber að nafngreina höfund eða rannsakanda eftir því sem við getur átt og óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi að það geti skert höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni. Þetta á einnig við um greinargerðir og skýrslur sem byggjast á þjónusturannsóknum.

Upplýsingum sem rannsakendur hafa safnað í kostaðri rannsókn eða þjónusturannsókn skal ekki skila til umbjóðenda þannig að hægt sé að rekja þær til einstakra þátttakenda nema þeir hafi veitt sérstakt leyfi til þess.

3.4. Sjálfstæði rannsakanda og rannsóknastofnana

Rannsakendur og rannsóknastofnanir skulu gæta að sjálfstæði sínu gagnvart verkkaupa.

Rannsóknastofnanir eða rannsakendur skulu forðast að verða háðir verkkaupa þannig að það gæti komið niður á hlutleysi viðkomandi. Þegar rannsakendur selja verkkaupum sem hafa hag af tiltekinni niðurstöðu rannsóknar þjónustu sína eykur það hættu á hagsmunaárekstrum.

Önnur tengsl en fjárhagsleg geta einnig ógnað sjálfstæði rannsókna. Persónuleg tengsl geta vakið spurningar um hæfi, hvort sem þau má rekja til ættartengsla, vinfengis eða langvarandi tengsla rannsóknastofnunar/rannsakanda og viðfangsefnisins sem rannsakað er. Slík tengsl geta leitt til þess að rannsóknin verði notuð til varnar einstökum málsaðilum, að ekki verði gerður nægilegur greinarmunur á rannsókn og rannsóknarviðfangi eða að sjálfstæði sé ógnað vegna þess að rannsóknarviðfangið er í stöðu til þess að hafa áhrif á rannsakandann.

Við vissar aðstæður getur hlutverk sjálfstæðs rannsakanda stangast á við önnur hlutverk sem rannsakandi gegnir, t.d. sem ráðgjafi eða ráðunautur. Nauðsynlegt er að upplýsa um slíkar aðstæður. Í sumum tilvikum getur togsteita á milli hlutverka verið svo mikil að þau fari ekki saman.

3.5. Upplýsingar um fjármögnun

Skylt er að upplýsa opinberlega hver fjármagnar rannsókn.

Liggja á ljóst fyrir hver fjármagnar rannsókn. Þegar slíkt liggur fyrir er auðveldara fyrir rannsakendur að verja frelsi sitt og hlutlægni gegn óviðeigandi afskiptum þeirra sem greiða fyrir verkið. Verkkaupar eiga auk þess rétt á að fram komi hvaða rannsóknir þeir hafa styrkt.

Þegar niðurstöður eru birtar og notaðar bera rannsakendur ábyrgð á að lýsa greinilega og opinberlega fjármögnun verksins, tengslum við verkkaupa og fleiru sem haft getur áhrif á traust fólks á þeirri rannsókn eða greinargerð sem unnin var. Séu niðurstöður nýttar á vilhallan eða hlutdrægan hátt ber rannsakendum að bregðast við því.

3.6. Framsetning og notkun niðurstaðna

Verkkaupar og rannsakendur skulu setja rannsóknarniðurstöður fram á skýran hátt. Það er ósiðlegt að einblína á æskilegar niðurstöður úr rannsókn eða setja fram niðurstöður með misvísandi eða brengluðum hætti.

Verkkaupum er óheimilt að halda hluta rannsóknarniðurstaðna fyrir sig þannig að rannsókn gefi ranga mynd af einu eða fleiri málsatvikum. Rannsakendur verða að geta varist

óviðeigandi þrýstingi frá verkkaupum um að draga fram tiltekna niðurstöður og gætu jafnvel þurft að nýta sér rétt sinn til að hætta við verkefnið.

Verkkaupar verða að setta sig við að rannsakendur ræði umboð sitt og aðkomu í tengslum við rannsóknina, t.d. að verkumboðið vanti augljós fagleg eða hagnýt sjónarhorn, túlkanir og sjónarmið. Kröfur um traustar heimildir, aðferðir og röksemdafærslu skipta miklu máli þegar rannsókn varðar hag eða orðspor einstaklinga eða getur haft áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalda.

3.7. Birtingarréttur

Þekking er sameiginleg gæði og sú meginregla gildir að allar rannsóknarniðurstöður séu birtar. Það er forsenda þess að hægt sé að sannreyna niðurstöður þar sem það á við.

Rannsakendur eiga rétt á að birta ítarlegar lýsingar og niðurstöður úr þjónusturannsóknum. Það getur verið mikilvægt til að koma í veg fyrir að niðurstöður rannsókna séu settar fram á misvísandi eða brenglaðan hátt og til þess að gefa öðrum kost á að sannreyna niðurstöðurnar.

Fyrirtæki og stofnanir geta haft lögmeta ósk um að verja sig og hagsmuni sína. Einnig gæti í einstaka tilfellum þurft að fresta birtingu rannsóknarniðurstöðna vegna þjóðaröryggis eða viðkvæmrar samningsstöðu. Engu að síður skulu bæði verkkaupar og rannsakendur leitast við að birta niðurstöður sínar opinberlega fyrir en síðar. Binda skal í skriflegum samningi, þegar við upphaf verkefnis, hverjar mögulegar takmarkanir eru á heimildum til birtingar niðurstöðna. Birting fræðigreina er auk þess mikilvæg fyrir viðurkenningu og framgang rannsákenda.

4. RÁÐVENDI Í RANNSÓKNUM

4.1. Vísindaleg ráðvendni

Rannsakendur og rannsóknastofnanir skulu fara að viðmiðum um vísindalega ráðvendni og efla þau.

Með óvönduðum starfsháttum er unnið gegn öflun nýrrar þekkingar. Krafa um rétt og vönduð vinnubrögð er því ófrávíkjanleg í öllum rannsóknum. Greina má á milli mismunandi alvarlegra frávika í rannsóknarstarfi, allt frá kæruleysi og óvönduðum vinnubrögðum til svika. Brotum í rannsóknum má skipta í tvennt: misferli og svik. Misferli eru skilgreind sem gróf vanræksla og ábyrgðarleysi við framkvæmd rannsókna. Svikum, sem fela í sér vísitandi blekkingu, má skipta upp í uppspuna, villandi upplýsingar, ritstuld og misnotkun.

4.2. Aðgangur að gögnum og notkun þeirra

Gefa ber öðrum vísindamönnum aðgang að rannsóknargögnum svo að þeir geti sannreynt niðurstöður þegar við á og að því marki sem það brýtur ekki gegn persónuvernd eða kröfum um trúnað.

Aðalreglan er að rannsakendur sem bera ábyrgð á öflun gagna eiga fyrsta tilkall til notkunar þeirra. Sé gagna aflað fyrir opinbert fé ættu þau að vera aðgengileg öðrum til notkunar verði

því viðkomið og svo framarlega sem ekki er brotið gegn persónuvernd eða kröfum um trúnað.

4.3. Faglegt mat

Faglegt mat skal vera málefnalegt og hlutlægt.

Þeir sem meta verk annarra skulu vera tilbúnir til þess að taka til alvarlegrar skoðunar annarra rök og aðra nálgun en þeir beita sjálfir. Fræðigreinar einkennast af faglegum stefnum sem stundum er tekist á um og ósætti ríkir jafnvel um vísindalegar grundvallarspurningar. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að skoða gagnrýnið eigið hæfi og vinna matið málefnalega og hlutlægt.

4.4. Jafningjamat og rökræðuhefðir

Rannsakendur skulu vera hreinskilnir, málefnalegir og ástunda sjálfs gagnrýni. Þannig leggja þeir sitt af mörkum til að skapa umhverfi sem stuðlar að góðum rannsóknum.

Rannsakendum ber að nýta sér jafningjamat og uppbyggilega gagnrýni til þess að tryggja gæði rannsókna. Rannsóknahópar skulu einnig hvetja til málefnalegrar umræðu.

Rannsóknastofnanir skulu leggja sitt af mörkum til að skapa frjótt og gott rannsóknaumhverfi. Í því felst vettvangur fyrir gróskumiklar rökræðuhefðir, virðing fyrir ólíkum skoðunum og aðkoma nýrra rannsakenda.

4.5. Höfundar og meðhöfundar

Þeir einir sem lagt hafa eitthvað af mörkum til skjalfestingar, greiningar og ritunar vísindalegs efnis og bera ábyrgð á því í heild sinni skulu skráðir sem meðhöfundar.

Vinna við rannsókn veitir ekki sjálfkrafa rétt til þess að verða meðhöfundur við birtingu niðurstaðna hennar. Til að teljast réttmætur höfundur ritverks þarf framlag rannsakanda að vera vel skilgreint og afgerandi. Slíkt framlag skal a.m.k. ná til hugmyndafræðilegrar forvinnu og gerðar rannsóknaráætlunar eða úrvinnslu gagna og greiningar þeirra. Auk þess skal viðkomandi hafa unnið að ritun handrits eða tekið markvissan þátt í endurskoðun þess, lokavinnslu og bera ábyrgð á verkinu í heild sinni.

4.6. Samband leiðbeinenda og nemenda

Leiðbeinendum ber að hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og nýta sér ekki í eiginhagsmunaskyni að þeir eru honum háðir. Þetta á jafnt við um faglegar niðurstöður sem persónulegar aðstæður.

Leiðbeinendur skulu vera sér meðvitaðir um ójafna stöðu leiðbeinanda og nemanda. Ekki má notfæra sér faglegan myndugleika í eiginhagsmunaskyni eða til að lítillækka nemendur. Leiðbeinendur mega ekki nýta sér það að nemendur eru þeim háðir.

Leiðbeinendur skulu ræða við nemendur sína um hvaða reglur gildi um notkun rannsóknargagna og meðhöfunda ritverka. Háskóli Íslands og stofnanir hans ættu að móta staðlaða samninga um sameiginlega notkun leiðbeinenda og nemenda á rannsóknargögnum þegar það á við. Vilji leiðbeinendur nota efni nemenda sem enn er í vinnslu ætti að gera um það samning. Hafi nemendurnir sjálfir safnað efni sínu ættu leiðbeinendur ekki að nota efnið

fýrr en verki nemendanna er lokið, að jafnaði að prófi loknu. Leiðbeinandi og nemandi skulu ástunda góðar tilvísunarhefðir þegar þeir nýta sér verk hvor annars.

Í sambandi leiðbeinenda og nemenda geta orðið til tvíhliða tengsl sem geta leitt til vanhæfis við mat á verki nemendanna. Virða þarf mörk einkalífs og atvinnu. Heilindi og óhlutdrægni leiðbeinenda þurfa að vera hafin yfir vafa. Verði samband leiðbeinanda og nemanda of náíð á aðalreglan að vera sú að leiðbeinandinn hætti leiðsögn sinni og annar taki við.

4.7. Lýðræðisleg umræða og miðlun þekkingar

Vísindasamfélagið á að stuðla að opinberri samræðu og sjá til þess að vísindalegri þekkingu sé miðlað til almennings. Samþætting vísindalegrar þekkingar er mikilvægur hluti lýðræðislegrar umræðu.

Við samfélaginu blasa mörg stór verkefni sem krefjast þverfaglegrar og lýðræðislegrar umræðu, s.s. á sviði vistfræði, hnattvæðingar og mannréttinda, og mörg þessara verkefna kalla á samþættingu vísindalegrar þekkingar af ýmsu tagi. Miðlun á rannsóknarniðurstöðum skal byggjast á gagnkvæmni og aðgengilegri framsetningu sérfræðinga á mismunandi rannsóknasviðum.

Samfélagið hefur varið miklum fjárhæðum til rannsókna og á að njóta árangursins. Það er á ábyrgð rannsakenda og rannsóknastofnana að miðla niðurstöðum rannsókna á viðeigandi hátt sem öllum er skiljanlegur. Góð miðlun krefst samstarfs rannsóknastofnana og annarra stofnana, eins og fjölmiðla, skóla, listastofnana, lífsskoðunarfélaga og frjálsra félagasamtaka.

4.8. Samfélagsumræða og ábyrgð á túlkun niðurstaðna

Rannsakendur eiga að leggja sitt af mörkum til samfélagslegrar umræðu með rökfærslu á vísindalegum grunni.

Rannsakendur skulu nýta sér vísindalega kunnáttu sína sem grundvöll framlags síns til samfélagslegrar umræðu. Rannsakendur hafa yfirleitt ekki stjórn á því hvernig aðrir notfæra sér rannsóknarniðurstöður þeirra en þeir bera engu að síður meðábyrgð á túlkun þeirra og notkun í pólitísku, menningarlegu, félagslegu og efnahagslegu samhengi. Rannsakendur eiga því að taka þátt í rökraedum um eðlilega túlkun á eigin rannsóknarniðurstöðum og hvernig rétt sé að nota þær.

Þegar fagmaður tekur þátt í samfélagslegri umræðu ber honum að nota starfsheiti sitt og prófgráðu af ábyrgð.

4.9. Skil rannsóknarniðurstaðna

Rannsakendum ber að birta lokaniðurstöður rannsókna sinna opinberlega og leitast við að þær séu þátttakendum aðgengilegar.

Almennt eiga rannsakendur að ljúka rannsóknum sínum með opinberri birtingu niðurstaðna. Í vinnsluferli rannsóknar ber að virða það að þátttakendur leggja sitt af mörkum til rannsóknarinnar. Þeir ættu að fá tækifæri til þess að leiðrétta misskilning í túlkun gagna, þegar það á við og er mögulegt, áður en að lokaniðurstöðurnar eru birtar. Rannsakendum ber þá að setja niðurstöður þannig fram í vinnsluferlinu og í lokabirtingu að helstu upplýsingar og túlkun séu þátttakendum aðgengilegar og skiljanlegar.

5. VERKLAGSREGLUR VÍSINDASIÐANEFNDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

5.1. Skipan vísindasiðanefndar Háskóla Íslands

5.1.1. Háskólaráð skipar Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. Nefndin er skipuð einum fulltrúa og varamanni frá hverju fræðasviði skólans eftir tilnefningu frá forsetum fræðasviðanna. Auk þess tilnefnir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands einn fulltrúa auk varamanns. Formaður nefndarinnar og varamaður hans eru skipaðir af rektor án tilnefningar. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Við tilnefningu skal fylgt ákvæðum í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. 5.1.2. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands getur ráðfært sig við sérfræðinga eftir því sem tilefni er til.

5.1.3. Um hæfi nefndarmanna fer eftir 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

5.1.4. Með nefndinni starfar starfsmaður af vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.

5.2. Verksvið vísindasiðanefndar Háskóla Íslands

5.2.1. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands veitir kennurum, nemendum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum Háskóla Íslands umsögn um rannsóknaráætlanir og eru siðareglur þessar lagðar til grundvallar við umsögnina.

Rannsakanda eða ábyrgðarmanni rannsóknar er skylt að leita umsagnar nefndarinnar vegna rannsókna sem fjalla um siðferðilega viðkvæm viðfangsefni (sjá:

<http://www.personuvernd.is/spurningar-og-svor/grundvallarhugtok/>) eða beinast að einstaklingum eða hópum í viðkvæmri stöðu. Þátttakendur í viðkvæmri stöðu eru til að mynda börn og einstaklingar sem eiga erfitt með að meta áhættu og veita upplýst samþykki sökum þroskakerðingar eða líkamlegra eða andlegra veikinda, einstaklingar sem sæta þvingaðri innlögn eða nauðungarvistun á stofnunum, sem og þátttakendur rannsókna þar sem blekkingum er beitt.

Heimilt er að leita umsagnar nefndarinnar fyrir aðrar rannsóknir, enda séu þær ekki leyfisskyldar samkvæmt lögum.

5.2.2. Umsókn á rafrænu formi þarf að hafa borist starfsmanni vísindasiðanefndar Háskóla Íslands eigi síðar en viku fyrir áætlaðan fundartíma nefndarinnar ef hún á að hljóta afgreiðslu á fundinum. Öll umbeðin fylgiskjöl verða að fylgja umsókninni til að nefndin taki hana til umfjöllunar.

5.2.3. Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands fundar svo oft sem þurfa þykir.

5.3. Önnur verkefni

5.3.1. Nefndin skal afla upplýsinga og stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu í háskólasamfélaginu um siðfræði rannsókna og góða starfshætti í rannsóknum.

5.3.2. Nefndin gerir reglulega grein fyrir starfsemi sinni á heimasíðu.

5.3.3. Vísindasiðanefnd skal vera rektor og háskólaráði til ráðuneytis um málefni á starfssviði nefndarinnar.